

11. október 2024

Viðbrögð faghóps 3 í rammaáætlun við ábendingum og athugasemdum vegna mats á fimm orkukostum í 5. áfanga rammaáætlunar; Skúfnavatnavirkjun, Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Hamarsvirkjun og Bolaölduvirkjun.

Tveimur umsagnarferlum vegna tillögu verkefnisstjórnar að flokkun virkjunarkostanna Bolaalda, Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun og Hamarsvirkjun er nú lokið. Faghópur 3 hefur farið yfir umsagnirnar sem bárust og tekið saman þær athugasemdir sem einkum varða umfjöllunarefni faghóps 3. Umfangsmestu athugasemdirnar koma við niðurstöður varðandi Hamarsvirkjun, og frá Arctic Hydro sem er virkjunaraðili í því tilviki. Atriðin sem einkum eru gerðar athugasemdir við í skýrslu faghópsins eru eftirfarandi. Við hvern tölulið eru viðbrögð faghóps eftir því sem tilefni er til:

1. Gerðar eru ýmsar athugasemdir við það mat faghópsins að áhrif Hamarsvirkjunar á samfélagslega samheldni geti verið nokkuð neikvæð. Ýmist er sagt að það sé ekki tilfinning höfunda athugasemdanna, eða sagt að sátt sé um virkjunarhugmyndina meðal landeigenda og heimamanna. Gefið er til kynna að virkjanir séu alltaf umdeildar og Hamarsvirkjun sé ekki frábrugðin öðrum virkjunarkostum hvað það varðar. Þá er sagt að faghópurinn eigi varla að líta til skammtímasjónarmiða, sem virðist að hluta til gert með vangaveltum um afstöðu til framkvæmda og ágiskunum hvað það varðar. Einnig er sagt að megintilgangur rammaáætlunarferlisins sé að faglegt frummat á virkjunarkostum fari fram sem á að vera grunnur að stefnumörkun, í stað þess að sjónarmið fylgjenda og andstæðinga virkjana ráði niðurstöðu í einstökum málum. Ferlið gerir ráð fyrir að til staðar séu andstæðingar framkvæmda, rétt eins og fylgjendur, og grunnhugmyndin að hefja ferlið yfir þras slíkra aðila. Það sé því í ákveðinni andstöðu við megintilgang ferlisins ef niðurstaða röðunar á að ráðast af því hversu háværar raddir geti verið gegn virkjun eða gætu hugsanlega orðið gegn framkvæmdum.

Viðbrögð faghóps 3:

Þessar athugasemdir varða einkum það viðfang faghópsins sem hann nefnir „samheldni samfélags“. Í leiðbeiningum alþjóðasamtakanna International Association of Impact Assessment (IAIA) um samfélagmat er lögð áhersla á að í slíku mati sé leitast við að öðlast skilning á þeim samfélögum sem verða fyrir áhrifum

fyrirhugaðra framkvæmda. Meðal þess sem mælt er með að hugað sé að eru félagslegar og stjórnámálalegar kringumstæður, mat á ólíkum þörfum, hagsmunum, gildum og vonum mismunandi hópa innan samfélagsins, og líkur á jákvæðum sem og neikvæðum áhrifum af framkvæmdum á íbúa og samfélagið. Þótt ekki sé hægt að kanna slíka þætti með ítarlegum hætti fyrir hvern virkjunarkost í rammaáætlun þá telur faghópurinn samt sem áður mikilvægt að draga eins og kostur er fram þau atriði sem varpað geta ljósi á þá á þessu stigi. Vísbendingar um sátt og ósætti vegna virkjunarkosts er eitt þessara atriða enda er mikilvægt að vel takist til við að skapa sátt um verkefni til að þau séu til farsældar fyrir samfélagið. Vissulega eru oft skiptar skoðanir um framkvæmdir á borð við virkjanir og bendir IAIA á gildi samráðs og upplýsingagjafar um framkvæmdir sem lið í að skapa aukna sátt. Í vinnu faghópsins kom fram að viðmælendur töldu að samráð mætti vera meira. Það gildir jafnt um Hamarsvirkjun og aðra orkukosti að mikilvægt er að þessum þætti verði vel sinnt til að stuðla að sátt í samfélaginu komist verkefnið áfram í skipulagsferli og á framkvæmdastig. Hvað varðar samheldni samfélags benda athuganir faghóps 3 einnig til að meira hafi borið á deilum um Hamarsvirkjun en um aðra af þeim fimm virkjunarkostum sem fjallað er um í skýrslu faghópsins, og hafa þær meðal annars litað störf sveitarstjórnarinnar. Þetta endurspeglast í niðurstöðu matsins. Um þá skoðun að með þessu sé horft til skammtímasjónarmiða við matið, og það sé þá byggt á „þrasi“ ólíkra aðila, er það að segja að það er alls ekki ljóst að deilur vegna virkjana hafi einungis skammtímaáhrif á samfélög og samstöðu innan þeirra. Benda rannsóknir faghóps 3 í 4. áfanga rammaáætlunar á samfélagslegum áhrifum virkjana í Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu raunar til þess að slíkra áhrifa geti gætt áratugum saman. Deilur vegna virkjanahugmynda geta því haft bæði veruleg og varanleg áhrif á samfélög, og telur faghópurinn í því ljósi, og í ljósi leiðbeininga IAIA, rétt að vísbendingar um áhrif á samfélagslega samheldni komi fram í mati hans með öllum þeim fyrirvörum sem rétt er að hafa um slíkt mat svo snemma í ferli virkjunarhugmynda.

2. Gerðar eru athugasemdir við að lítið sé horft til orkuöryggis og þörf atvinnulífs á Austurlandi fyrir tryggja orku.

Viðbrögð faghóps 3:

Orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku er eitt þeirra viðfanga sem faghópurinn fjallar um í mati sínu, og er niðurstaða matsins að áhrif Hamarsvirkjunar á þennan þátt geti verið talsvert jákvæð, sem er næst hæsta einkunn. Fram kemur meðal annars að þörf sé á raforku á Austurlandi, s.s. fyrir fiskimjölsbræðslur og laxeldi, og ný virkjun myndi svara þeirri þörf og auka um leið afhendingaröryggi orku á svæðinu. Þessi niðurstaða þarf

að skoðast í samhengi við mat faghópsins á orkuöryggi og aðgengi að orku á öðrum svæðum landsins, ekki síst á Vestfjörðum. Eins og fram kemur í skýrslu faghópsins gefur staða flutningskerfis og raforkuframboðs og -öryggis á Vestfjörðum tilefni til að ætla að áhrif virkjanakosta á þessa þætti gætu verið enn jákvæðari á þeim slóðum. Faghópurinn fellst því ekki á að lítið sé horft til orkuöryggis og þarfar atvinnulífs á Austurlandi fyrir tryggja orku í mati hans þótt ekki séu öll áhrif á nærsamfélagið vegna aukins raforkuframboðs- og öryggis talin upp.

3. Gerðar eru athugasemdir við að lítið sé gert úr efnahagslegum ávinningi vegna Hamarsvirkjunar. Verulega skorti á að reynt sé að greina möguleg samfélagsleg áhrif varðandi atvinnulíf. Ekki sé reynt að greina hagstærðir sem tengjast áhrifum virkjunar, t.d. varðandi tekjur nærsamfélags.

Viðbrögð faghóps 3:

Efnahagslegur ávinningur er eitt þeirra viðfanga sem faghópur 3 leggur mat á og kemur meðal annars fram í umfjöllun faghópsins að á framkvæmdatíma muni verða talsverð umsvif á svæðinu sem geta haft tímabundin áhrif á fjárhag einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir miklum langtímaáhrifum á fjölgun starfa sem tengjast beint rekstri Hamarsvirkjunar. Mestu langtíma efnahagslegu áhrif virkjunarinnar munu að líkindum tengjast auknu framboði raforku á svæðinu og þeim tækifærum sem það skapar til atvinnustarfsemi. Áhrif Hamarsvirkjunar hvað þennan þátt varðar eru metin nokkuð jákvæð með tilliti til stærðargráðu virkjunarinnar, fjölda íbúa í sveitarfélaginu og þeirra opinberu gjalda sem til þess myndu renna af henni, og með hliðsjón af tækifærum sem gætu skapast með auknu framboði raforku á svæðinu. Faghópurinn álitur að greining hans á Hamarsvirkjun og öðrum virkjunarkostum sem fjallað er um í skýrslunni Mat faghóps 3 á samfélagslegum áhrifum fimm orkukosta gefi all góðar vísbendingar um efnahagslegan ávinning þessara kosta fyrir viðkomandi sveitarfélög og áhrifasvæði, þótt vissulega hefði með meiri tíma og fjármunum mátt rannsaka tiltekna þætti nánar.

4. Gerð er athugasemd við að ekki sé minnst á að olía hefur einnig verið notuð í fjarvarmaveitum sveitarfélaga þar sem skortur hefur verið á raforku.

Viðbrögð faghóps 3:

Faghópurinn fellst á þessa athugasemd og mun framvegis taka tillit til hennar við matið.

5. Gerðar eru athugasemdir við að ekki sé hugað nægilega að því að hvers eðlis áhrif Hamarsvirkjunar myndu vera í raforkukerfinu; hún muni auka möguleika á reiðuafli, jöfnunarorku, sveiflujöfnun í raforkukerfinu, og stýranlegu afli.

Viðbrögð faghóps 3:

Faghópurinn fellst á að ástæða sé til að huga nánar að þessum þætti við mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta.

6. Athugasemd frá Arctic Hydro: Aðferðafræði faghóps gæti með skipulegum hætti varðað stöðu virkjunarkosta út frá markmiðum raforkulaga og sérstaklega raforkuöryggi, sbr. umfjöllunarefni kerfisáætlunar Landsnets sem hvílir á breytingarlögum nr. 26/2015 við raforkulög. Einnig gæti aðferðafræðin byggt á sambærilegum sjónarmiðum og Orkustefna til 2050 hvílir á og greint stöðu einstakra virkjunarkosta skipulega út frá þeim.

Viðbrögð faghóps 3:

Faghópurinn mun taka þessa athugasemd til nánari skoðunar. Hann telur sig þó að einhverju leyti hafa tekið mið af umræddum lögum og orkustefnu í nálgun sinni og aðferðafræði, meðal annars með því að meta sérstaklega áhrif virkjunarkosta á orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku.

7. Athugasemd frá Arctic Hydro: Viðfangsefni faghópsins skarast með ákveðnum hætti við vinnu faghóps 1, sbr. vangaveltur faghóps um álitamál um náttúruverndargildi svæða og að þær ályktanir hafi þýðingu á flokkun virkjunarkosta.

Viðbrögð faghóps 3:

Eitt af matsviðföngum faghópsins er tækifæri vegna verndunar svæðis. Hér er einkum horft til þess að meta hvort virkjunarkostir varði með einhverjum hætti þjóðgarða eða áætlanir um þá, eða aðra starfsemi á sviði náttúruverndar, sem gæti falið í sér efnahagsleg tækifæri, s.s. í formi atvinnu, fyrir viðkomandi sveitarfélög og landssvæði. Faghópurinn er meðvitaður um að möguleiki er á skörun við matsviðföng faghópa 1 og 2, en telur að slíka skörun þurfi að skoða í hverju tilfelli fyrir sig. Á þetta reynir ekki í mati faghópsins sem hér er til umfjöllunar þar sem enginn virkjunarkostur hefur áhrif á þetta viðfang.

Faghópur 3 hefur í 5. áfanga rammaáætlunar tekið mikilvæg skref í þá átt að móta aðferðir við mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta. Hann lítur á þær athugasemdir er borist

hafa sem tækifæri til að endurmeta og betrumbæta þær aðferðir. Faghópurinn vekur athygli á að mat á samfélagslegum áhrifum í rammaáætlun fer fram við upphaf leyfisveitingaferils virkjunarkosta, þegar ýmsar mikilvægar upplýsingar um eðli þeirra og áhrif eiga eftir að koma fram. Hann bendir jafnframt á að í eðli sínu er mat hans stórsætt (e. macroscopic) og til þess ætlað að meta og bera saman í stórum dráttum helstu áhrifaþætti margra virkjunarkosta, fremur en skoða einhvern einn þeirra ofan í kjölinn. Jafnframt er um að ræða mat á framkvæmdum sem verða e.t.v. gerðar að mörgum árum liðnum og geta ýmsar forsendur matsins breyst á þeim tíma. Hér má nefna tæknibreytingar, breytt gildismat í samfélagi (t.d. hvað varðar viðhorf til mismunandi tegunda virkjana), umhverfisbreytingar, lagaumhverfi (t.d. hvað varðar tekjur nærsamfélags af virkjunum), skipting landsins í sveitarfélög og fleira. Er í því ljósi mikilvægt að hafa í huga að niðurstöður matsins draga einungis fram helstu vísbendingar um samfélagsleg áhrif á þeim tíma sem matið er unnið og miðað við þau gögn sem þá er hægt að afla. Þá bendir faghópurinn á að hann hefur enn ekki raðað orkukostum innbyrðis heldur gefur hverjum orkukosti einkunnir á sjö flokka yrtum skala sem getur aldrei fyllilega byggst á auðmælanlegum viðmiðum eða breytum með skýr forspárgildi, og niðurstaðan verður því samkvæmt orðsins hljóðan matskennd.

Fyrir hönd faghóps 3, Jón Ásgeir Kalmannsson, formaður.